

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2019, mánudaginn 14. október, var haldinn 31. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14.03. Fundinn sátu: Örn Þórðarson, Diljá Ámundardóttir Zoëga, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Hildur Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Anna Kristinsdóttir og Halldóra Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á fitufordómum og ofbeldi.

Tara Margrét Vilhjálmsson tekur sæti undir þessum lið.

Ofbeldisvarnanefnd þakkar áhugaverða og upplýsandi kynningu um fitufordóma og ofbeldi sem oft tengjast þeim. Nefndin áréttar að ofbeldi og fordómar, alveg sama hvaða hópa er um að ræða, eru ólíðandi. Fræðsla og opinská umræða er liður í að breyta viðhorfum og eyða fordómum. Ofbeldisvarnarnefnd hvetur mannréttinda- og lýðræðisráð til að tryggja fræðslu um fitufordóma og ofbeldi.

2. Fram fer kynning á heimsókn til Gautaborgar um aukið samráð fagstétta, forvarnir og öryggi.

Guðrún Kaldal og Birgir Örn Guðjónsson taka sæti undir þessum lið.

3. Drög að dagskrá um opinn fund ofbeldisvarnarnefndar um innflytjendakonur og ofbeldi rædd.

4. Aukið öryggi barna í skóla og frístundastarfi.

Frestað.

5. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ný og fjölbreytt úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árásargirni og ofbeldi.

Ákveðið að vísa þessu til barnaverndar.

Fundi slitið kl. 15:56

Örn Þórðarson

Diljá Ámundardóttir Zoëga
Guðrún Jónsdóttir
Hildur Guðmundsdóttir

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir
Sigríður Björk Guðjónsdóttir